

Þæstaréttardómar

Útgefandi: Fæstaréttarritari

X. árgangur.

1929.

Mánudaginn 14. jan. 1929.

Nr. 78/1928. Valdstjórnin (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Magnúsi Péturssyni (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kæður, Magnús Pétursson, greiði 500 kr. sekt i Menningar-sjóð, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann i hennar stað einföldu fangelsi i 28 daga. Þá greiði kæður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hér í réttinum hafa engir lyfseðlar um áfengi, sem kærði á að hafa látið úti á árinu 1926, verið lagðir fram, og er það því, eins og málið liggur fyrir, ekki sannað að kærði hafi brotið áfengislöggjöfina það ár. Hinsvegar hafa verið lagðir fram lyfseðlar þeir, er kærði hefir látið úti árið 1927, þar á meðal þeir 11 lyfseðlar, sem kærði hefir ritað á önnur eyðublað en hin fyrirskipuðu. Þessu viðvikjandi hefir landlæknir í framhaldsprófum í málinu, er haldin hafa verið eftir að dómur var kveðinn upp í því í héraði, gefið þá skýrslu, að hann út af þarafleiðandi fyrirspurnum frá læknum, hafi sagt þeim, að hann fyrir sitt leyti gæti ekki álitid það brot á reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925, þótt læknir riti bráðabirgða lyfseðil á almennt blað og sendi lyfjabúðinni síðan næsta dag sama lyfseðil

á fyrirskipuðu eyðublaði, þegar svo stendur á að lækni er staddur hjá sjúklingi, t. d. lungnabólgu-sjúklingi, sem harðlega þarf áfengi en læknihrinn hefir eigi fyrirskipað eyðublað við hendina, en með því að kærði hefir eigi haldið því fram um þessa 11 lyfseðla, að hann hafi látið þá úti handa sjúklingum, er svo hafi staðið á, að lífi sjúklingsins gæti verið hættu bú-in, ef ekki næðist til lyfsins þegar í stað, þá verður að telja að kærði hafi með útgáfu þessara seðla brotið gegn fyrirmælum 5. gr. nefndrar reglugjörðar.

Þá er það sannað, að kærði hefir í allmörg skifti látið úti lyfseðil fyrir hærri skammti af áfengi en til er tekinn í 6. gr. reglugjörðarinnar án þess að getið sé um ástæðuna fyrir þessu á lyfseðlinum, og hefir kærði með þessu brotið fyrirmæli 6. gr. reglugjörðarinnar, i. f., en hinsvegar er það ekki sannað, að kærði hafi á óleyfilegan hátt ávisað áfengi fram yfir ákveðinn skammt.

Refsing kærða fyrir framangreind brot á 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar þykir hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 30 daga einfalt fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í hér-aði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hér í rétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Magnús Pétursson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu og eftir fyrir-mælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gegn Magnúsi Péturs-syni, bæjarlækni, til heimilis í Pósthússtræti 17, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi nr. 15 frá 8. júní 1925 og reglugjörð nr. 59, frá 1. júlí 1925 um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt skýrslu lyfsölustjóra ríkisins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. maí 1928 hefir kærður gefið út á árinu 1926, 395 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð og af þeim 246 áfengislyfseðla fram yfir skammt, þá á kærður þetta sama ár að hafa gefið út 7 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu. Árið 1927 hefir kærður gefið út 354 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð, og þar af 218 áfengislyfseðla fram yfir skammt. Þá á hann og þetta sama ár að hafa gefið út 7 áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Það sem kærður er sakaður um, er í fyrsta lagi það, að hann hafi gefið út fleiri áfengislyfseðla, en hann hafi átt að geta fengið eyðublöð undir hjá landlækni.

Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi gefið út fleiri en 300 áfengislyfseðla á fyrirskipuð eyðublöð á árunum 1926 og 1927, hvort árið um sig og kveður hann ástæðuna vera þá, að hann hafi fengið sérstaklega eyðublöð fyrir frakkneska spítalann hjá landlækni, en þar var kærður læknir á þessum árum, og hefir verið lagt fram vottorð þessu til sönnunar frá landlækni, er ber það með sér að frakkneski spítalinn hefir fengið sérskaklega tvær áfengisseðlabækur, hvort árið um sig. Þessar áfengisseðlabækur hefir svo kærður notað samkvæmt stöðu sinni þar sem læknir, og virðist ekki, að kærður hafi brotið gildandi lög með því, og ber því að áliti dómarans að sykna hann af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi — líklega á óleyfilegan hátt — ávísað fram yfir ákveðinn skammt.

Kærður hefir kannast við það, að hann hafi ávísað fram yfir ákveðinn skammt, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi því aðeins gjört það, að hann hafi álitid þess brýna þörf og farið þá alltaf eftir fyrirmælum 6. gr. reglugjörðarinnar frá 1. júlí 1925. Með því að það er ósannað, að kærður hafi brotið ákvæði áðurgreindrar reglugjörðar, er hann gaf út áfengislyfseðla fram yfir ákveðinn skammt, verður og að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Í þriðja lagi er kærður sakaður um það, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu.

Í sambandi við þetta voru kærðum sýndir 11 áfengislyfseðlar í réttinum, sem hann hefir gefið út á önnur eyðublöð en hin fyrirskipuðu, — fleiri slíkir lyfseðlar frá kærðum hafa ekki fengizt frá lyfsölustjóra þrátt fyrir skýrslu hans, sem áður er nefnd — og sem hann hefir kannast við að hafa gefið út og benti kærður þó á, að þessa áfengislyfseðla hefði hann aðeins gefið út til bráðabirgða til innlausnar síðar með áfengislyfseðlum á fyrirskipuðum eyðublöðum, þegar hann hefði ekki haft hin fyrirskipuðu eyðublöð hjá sér, eins og líka lyfseðlarnir bæru með sér, því að á þá er skráð bráðabirgðar-
«miði» og hefir hann jafnframt haldið því fram, að þessir seðlar myndu allir vera innleystir, en aðeins vangá lyfjabúðanna að kenna, að þeir hefðu ekki verið ónýttir. Þá hefir kærður haldið því fram, að hann teldi sér það fyllilega heimilt að gefa út slíka bráðabirgðaráfengisseðla, sem hér um ræðir, ef hann hefði ekki hin fyrirskipuðu eyðublöð við hendina og kveður hann, að landlæknir hafi látið svo ummælt að þessa aðferð mætti viðhafa til bráðabirgða þegar fyrirskipuð eyðublöð væru ekki fyrir hendi.

Dómarinn getur ekki fallizt á þessa skoðun, en verður að lita svo á, að kærður hafi brotið gegn ákvæðum gildandi laga er hann gaf út þessa bráðabirgðaráfengislyfseðla á önnur eyðublöð en þau, er fyrirskipuð eru, með því að lyfseðil á áfengi skal rita samkvæmt lögum á hin fyrirskipuðu eyðublöð, og lög eða reglugjörðir hafa enga undanþágu þar frá.

Þetta brot kærðs, sem ekki er upplýst um, að hafi áður brotið áfengislöggjöfina, heyrir að áliti dómarans undir 5. gr. reglugjörðarinnar nr. 59 frá 1. júlí 1925, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin eftir 17. gr. laga

nr. 15 frá 8. júní 1925, 500 króna sekt, er renni í Menningar-sjóð eftir 1. gr. laga nr. 54/1928 og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga. Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 16. jan. 1929.

Nr. 86/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

M. Júl. Magnús (Pétur Magnússon).

Úrskurður hæstaréttar.

Í hæstarétti hafa verið lagðir fram í máli þessu 337 lyfseðlar kærða frá árinu 1926, sem allir eru ritaðir á ólöglegt eyðublöð. Seðlar þessir komu eigi fram við rannsókn málsins í héraði, og með því að þeir hljóða um lyfjablöndur, er ef til vill mundu verða taldar ómengað áfengi, verður, áður en málið verður dæmt í hæstarétti, samkvæmt kröfu skipaðs sækjanda, er verjandi samþykkti, að leggja fyrir rannsóknar-dómarann, að taka skýrslu af kærða um atvik að út-gáfu lyfseðla þessara, svo og að útvega aðrar skýrslur og upplýsingar, er rannsókn málsins kann að gefa tilefni til að leitað verði.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt, sem verða má.
